

# Fundargerð

*12. fundur í íþróttá- og tómstundanefnd Langanesbyggðar, 3. september 2007 kl 17:00, haldinn í Verinu.*

Mætt eru: Árni Davíð Haraldsson, Sóley Vífilsdóttir, Linda Pehrsson og Heiðrún Óladóttir.

## Dagskrá.

### **1. Mál. Samþykkt hreppsnefndar Langanesbyggðar frá 27.08.07. varðandi umsögn um umsækjanda íþróttá- og tómstundafulltrúa.**

Bókun. “Íþróttá- og tómstundanefnd leggur til að Bjarnheiður Jónsdóttir verði ráðin til reynslu í eitt ár sem íþróttá- og tómstundafulltrúi Langanesbyggðar og hefji störf sem fyrst”.

### **2. Mál. Nefndin ætlar að setja sig inn í starfslýsingu ÍTF og funda fljótlega aftur með honum.**

### **3. Uppskeruhátíð skólagarða.**

Stefnt er að því að þátttakendur í skólagörðum mæti með foreldrum sínum í skólagarðana mánudaginn 10. september kl. 17.00 og taki upp uppskeru sumarsins.

### **4. Mál. Starfsemi íþróttahúss haustið 2007.**

Linda og Hjördís eru að undirbúa íþróttaskóla fyrir börn á laugardagsmorgnum. Fleira betur rætt þegar ítf og Eypór geta mætt.

### **5. Mál. Stofnfundur golfklúbbs.**

Stefnt er að stofnfundi í september.

### **6. Mál. Ástarhelgi í október.**

Stefnt er að ástarhelgi í október. Rauðar blöðrur, seríur, kertaljós í glugga og fleira. Sóley ætlar að hafa samband við Nönnu á Eyrinni til að taka þátt í því, jafnvel Fánasmiðjuna og Samkaup.

## **7. Mál. Félagsheimilið, tiltekt.**

Æskilegt er að taka til í Þórsveri, sérstaklega í kjallara og gera húsið aðgengilegra. Ætlunin er að safna fólki saman til að hjálpast að við verkið, fyrir smalabita.

## **8. Mál. Önnur mál.**

Ekkert rætt.

### **Eftirfylgni.**

Salernismál í félagsheimilinu. Íþrótt- og tómstundanevnd harmar að ekki skuli enn vera búið að bæta salernisaðstöðu í Þórsveri, þar sem hún er óviðunandi sem stendur.

### **Tilkynningar.**

- Sumarstarfið. Greinargerð frá Björgvin.
- Vinnuskóli. Drög að starfslýsingu flokksstjóra.
- Langanesmaraþon. Langanes á kortið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:50.

Árni Davíð Haraldsson, ritari.